

1858.
23. janúar.

ispenínga fyrir að mæta í rétti, og ef svo er, þá um upphæð á þessu.

Þessu til svars læt eg ekki hjá líða til þóknanlegrar vitundar að skýra yður frá:

við 1) að í málum þeim, sem hér ræðir um, ber að greiða bæði sættanefndarmönnum og stefnuvottum borgun þá, sem þeim í lögum er áskilið, smbr. tilskipun 20. janúar 1797 gr. 24. og 40, opið bréf 6. apríl 1827 og tilskipun 21. desember 1831 III 4. gr.; þarhá má gjalda stefnuvottum ferðakostnað, samkvæmt ákvörðunum í 63. gr. í aukatekjureglugjörð 10. september 1830;

við 2) samkvæmt rentukammerbréfum 28. marz 1846 og 19. júní 1847 geta umboðshaldarar hvorki reiknað sér ferðakostnað né fæðispenínga á ferðum sínum til sættafundarins.

við 3) dómarrar geta hvorki heimt borgun fyrir réttarhald né fyrir skriptir, smbr. 13. gr. í aukatekjureglugjörð 10. september 1830 og rentukammerbréf 19. febrúar 1842 í niðurlagi.

við 4) hvað upphæð fæðispenínga snertir, þá skal fara eptir reglum þeim, sem gefnar eru í kansellíbréfi 9. júní 1838;

við 5) þegar þannig er ástatt hafa umboðshaldarar ekki rétt á að heimta ferðakostnað eða fæðispenínga, en samkvæmt rentukammerbréfum 28. marz 1846 og 19. júní 1847 eiga þeir kost á að fá endurgjald fyrir kostnað þann, sem þeir beinlínis hafa haft, og skal amtmaður þá meta endurgjald þetta.

13. febrúar.

3. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt- mannsins og biskupsins á Íslandi um afsalsbréf til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir jörðinni Hlíðarhúsum.

Dómsmálastjórnin hefir sent hingað bréf frá herra stipt-
amtmaninum og yður, háæruverðugi herra! 26. febrúar f. á.,

Í hverju þér hafið bedið um úrskurð fyrir því, hvort jörðin Hlíðarhús, sem liggur við Reykjavík, ásamt hjáleigunni Ánanaust-
um, samkvæmt konungs úrskurði 24. febrúar 1835 megi áltast að vera fengin Reykjavíkur kaupstað með fullum eignarrétti. 1858.
13. febrúar.

Um leið og dómsmálastjórnin sendi mál þetta, gat hún þess, að menn verða að álíta það vafalaust, að jörð þessa eigi að brúka til þess að gjöra Reykjavíkurbæ stærri, samkvæmt reglum þeim, sem um þetta eru gefnar í nefndum konungsúrskurði. Dómsmálastjórnin hefir þarhjá látið þá meiningu í ljósi, að varla verði sagt að jörðin sé orðin eign bæjarins, meðan ekki sé gefið löglegt afsalsbréf fyrir henni, en að presturinn á hinn bóginn ekki geti haft á móti því að þetta nú sé gjört, þaræð optnefndur konungs-úrskurður, sem veitti bænum eignarrétt yfir jörðinni við fyrstu braudaskipti í prestakallinu, bæði hefir verið auglýstur presti þeim, sem þá þjónaði í braudinu, og þarhjá einnig er þínglesinn í þeirri þínghá, sem jörðin var lögð undir.

Þar eg nú að öllu verð að fallast á þessa meiningu dómsmálastjórnarinnar, vil eg samkvæmt beiðni hennar biðja herra stiptamtmanninn og yður, háæruverðugi herra! um að skipa prestinum til Helgafells prestakalls, Ólafi Thorberg, með löglegu afsalsbréfi eptir honum gefnu uppkasti að afhenda Reykjavíkur kaupstað til eignar tæða jörð með hjáleigunni, með skilmálum þeim sem til er tekið í optnefndum konungs-úrskurði 24. febrúar 1835.

Þegar þessu er aflokið, vonast eg eptir að fá skýrslu um það frá yður.
